September 2025

Endurskoðun á fjármálakafla sveitarstjórnarlaga

- Reikningsskil
- Ársreikningar
- Fjármálastefna
- Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu
- Ábyrg meðferð fjármuna
- Miklar fjárfestingar og skuldbindingar
- Heimild til að gangast í ábyrgðir
- Úrræði fjárhaldsstjórnar

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09 2026

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Innviðaráðuneytið:

Sölvhólsgötu 7 - 105 Reykjavík

545 8200 / irn@irn.is

Skýrsla þriðja starfshóps um endurskoðun sveitarstjórnarlaga

September 2025

Höfundar:

Þriðji vinnuhópur um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Ábyrgðarmaður:

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Verkefnisstjóri:

Árni Sverrir Hafsteinsson, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu.

stjornarradid.is

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

Efnisyfirlit

Endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga 5

Ársreikningar sveitarfélaga 8

59. gr. Reikningsárið og bókhaldsskylda. 8

61. gr. Ársreikningur. 10

Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum 12

60. gr. Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum. 12

Fjármálastefna og fjármálaáætlun 16

58. gr. Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar. 17

62. gr. Fjármálastefna. 18

62. gr. a. Fjármálaáætlun til fimm ára. 20

63. gr. Fjárheimild næstkomandi árs. 24

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga 26

64. gr. Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. 26

Ábyrg meðferð fjármuna 29

65. gr. Ábyrg meðferð fjármuna. 29

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar 30

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

66. gr. Miklar fjárfestingar og skuldbindingar. 30

Heimild til að gangast í ábyrgðir 32

69. gr. Heimild til að gangast í ábyrgðir. 33

Sameining reikningsskila- og upplýsinganefndar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga 34

78. gr. Eftirlitsnefnd með reikningsskilum og fjármálum sveitarfélaga. 34

79. gr. Hlutverk eftirlitsnefndar. 35

Úrræði fjárhaldsstjórnar 38

89. gr. Hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar 38

90. gr. Sameining við annað sveitarfélag. 39

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

Endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga

Alþingi samþykkti tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun um málefnum sveitarfélaganna fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 þann 5. desember 2023. Felur önnur aðgerð áætlunarinnar í sér heildarendurskoðun á ákvæðum gildandi sveitarstjórnarlaga.

Samkvæmt 8. tölul. bráðabirgðaákvæðis við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skal endurskoða ákvæði laga um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku. Starfshópur, skipaður fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, var falið það hlutverk að móta endanlegar tillögur um endurskoðun ákvæða laga um fjármál sveitarfélaga og skilaði skýrslu þess efnis í febrúar 2022.

Í skýrslunni er að finna ýmsar tillögur að breytingum á fjármálakafla sveitarstjórnarlaga, en þær tillögur sem vinnuhópnum var falið að taka nánari afstöðu til voru eftirfarandi:

- Fjármálastefna
- Fjármálaáætlun
- Faglegt mat á fyrirhuguðum fjárfestingum og lántökum

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

Eftirfarandi fjórir fulltrúar skipa vinnuhóp um þriðja verkþátt endurskoðunarinnar:

Fulltrúar innviðaráðuneytisins

- Árni Sverrir Hafsteinsson, sérfræðingur (formaður)
- Elmar Björnsson, sérfræðingur
- Ólöf Sunna Jónsdóttir, lögfræðingur

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri í innviðaráðuneytinu, og Sverrir H. Geirmundsson, sérfræðingur, störfuðu með hópnum í upphafi.

Vinnuhópurinn kynnti sér viðamikil gögn við greiningarvinnu sína, m.a. skýrslu um endurskoðun ákvæða sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga frá 2022 og upplýsingar frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og reikningsskila- og upplýsinganefndar.

Hér á eftir fylgja niðurstöður og tillögur vinnuhópsins eins og þeim hefur verið skipt niður í umfjöllun eftir lagaákvæðum.

Í samræmi við verkáætlun mun ráðgjafanefnd skipuð fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélaganna nýta afrakstur undirhópa og

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

umsagnir úr opinni samráðsgátt frumvarp við endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Stefnt er að því að frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga liggi fyrir haustið 2025.

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09 2026

Ársreikningar sveitarfélaga

- Lögfesting á stöðu sveitarstjórnarlaga sem sérlaga við ársreikningagerð
- Orðalagi breytt í samræmi við lög um opinber fjármál þannig að fjárhagsáætlun næsta árs verði fjárheimild
- Mælt fyrir um samantekin reikningsskil frekar en samstæðureikningsskil í takt við núverandi framkvæmd sveitarfélaga

59. gr. Reikningsárið og bókhaldsskylda.

☐ Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga, nema um annað sé mælt í lögum þessum eða reglum sem af þeim leiða. Bókhaldi sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

Með breytingunni er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra gangi framar ákvæðum almennra laga um bókhald og ársreikninga, þegar kemur að bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Tilefni breytingarinnar er fyrst og fremst sú óvissa sem skapast hefur vegna áreksturs á milli sérreglna og hefða sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga og almennra ákvæða í lögum um ársreikninga. Þau lög eru, eðli málsins samkvæmt, fyrst og fremst samin með hagnaðardrifin félög í huga en henta síður opinberum aðilum sem hafa önnur markmið en hámarkshagnað, svo sem að veita íbúum lögbundna þjónustu.

Helstu efnisatriði tillögunnar felast í því að bæta við 1. mgr. 59. gr. ótvíræðri staðfestingu á stöðu sveitarstjórnarlaga sem sérlög við gerð ársreikninga sveitarfélaga. Munu þá sveitarstjórnarlög og reglur settar á grundvelli þeirra, sem kveða á um tiltekna aðferð eða reglu, gilda framar almennum lögum. Lög um bókhald og ársreikninga gilda hins vegar áfram um þau atriði sem ekki er sérstaklega fjallað um í sveitarstjórnarlögum og verða þannig fyllingarreglur.

Með framangreindri breytingu er lögfest sú framkvæmd sem almennt hefur verið talin gilda og er í samræmi við álit sérfræðinga á sviðinu. Rétt er að geta þess að reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga hefur fjallað um breytinguna og styður hana. Breytingin er jafnframt í samræmi við sambærilega tillögu sem gerð er við 61. gr. laganna og stuðlar þannig að auknu samræmi við gerð reikningsskila sveitarfélaga.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

61. gr. Ársreikningur.

- ☐ Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samantekin reikningsskil fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglum settum samkvæmt þeim lögum, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, sem og góðri reikningsskilavenju.
- ☐ Í ársreikningi skal koma fram samanburður við
  1. ársreikning undanfarins árs,
  2. upphaflegar fjárheimildir ársins,
  3. fjárheimildir ársins ásamt viðaukum.
- ☐ Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.
- ☐ Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Óskýrleiki í lagastoð hefur skapað álitaefni í framkvæmd. Dæmi um þetta er sú langa hefð sem skapast hefur hjá sveitarfélögum um gerð samantekinna reikningsskila, en sú

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

aðferð er ekki að fullu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga um gerð samstæðureikningsskila.

Í greininni eru lagðar til þrjár meginbreytingar sem miða að því að auka skýrleika, lögfesta viðurkennda framkvæmd og samræma hugtakanotkun við lög um opinber fjármál.

1. **Lögfesting á „samanteknum reikningsskilum“**
   Hugtakið „samstæðureikningur“ víkur fyrir „samanteknum reikningsskilum“. Tilefnið er að samræma lagatextann við þá reikningsskilaaðferð sem sveitarfélög hafa í reynd beitt um tveggja áratuga skeið, án teljandi athugasemda frá eftirlitsaðilum. Hefur sú aðferð mótast af sérstöku eðli sveitarfélaga sem opinberra þjónustuaðila. Með breytingunni er því lögfest viðtekin og viðurkennd venja og misræmi milli bókstafs laganna og framkvæmdarinnar eytt. Skapar breytingin jafnframt skýrari ramma um gerð reikningsskila sveitarfélaga.
2. **Staðfesting á stöðu sveitarstjórnarlaga sem sérlaga**
   Líkt og í 59. gr. er orðalagi greinarinnar breytt í því skyni að tryggja stöðu sveitarstjórnarlaga sem sérlaga við gerð ársreiknings. Tryggir breytingin að sveitarstjórnarlög gangi framar lögum um ársreikninga þegar kemur að reikningsskilum sveitarfélaganna, þegar misræmi er á milli reglnanna. Viðbótin undirstrikar að lög um ársreikninga gilda ekki fortakslaust, heldur aðeins að

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

því leyti sem ákvæði sveitarstjórnarlaga kveða ekki á um annað.

3. **Samræmd hugtakanotkun – „fjárheimildir“**

   Hugtakið „fjárheimildir“ kemur í stað „fjárhagsáætlunar“ þegar vísað er til áætlunar komandi árs. Felur breytingin annars vegar í sér samræmingu við hugtakanotkun í lögum um opinber fjármál, sem stuðlar að skýrleika og samfellu í regluverki hins opinbera. Hins vegar skerpir hugtakið „fjárheimildir“ á eðli ákvörðunarinnar, sem er bindandi fjárhagslegur rammi og heimild til ráðstöfunar fjármuna á næstkomandi ári.

Aðrar málsgreinar greinarinnar haldast óbreyttar.

Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum

- **Nýr C-hluti í hlutaskiptingu starfsemi sveitarfélaga**
- **Skerpt á skilum á milli A- og B-hluta**

60. gr. Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum.

☐ Í reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta starfsemi þeirra þannig:

1. A-hluti. Starfsemi sem telst til lögmæltra verkefna sveitarfélaga, er fjármögnuð af tekjustofnum sveitarfélags og lýtur beinni stjórn sveitarfélags.
2. B-hluti. Starfsemi sveitarfélaga sem er að hálfu leyti eða að meirihluta í eigu sveitarfélaga en

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

flokkast ekki í A-hluta. Byggðasamlög skal flokka í B-hluta í samræmi við hlutdeild sveitarfélags. Önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, eða félög sem sveitarfélag er í ábyrgð fyrir þannig að þau geti ekki flokkast í C-hluta sbr. 3. tl. skal flokka í B-hluta.

3. C-hluti. Félög sem ekki falla í A- eða B- hluta, eru með takmarkaða ábyrgð og starfa á markaði. Ráðherra setur í reglugerð skilyrði til þess að félög geti fallið undir C-hluta.

- ☐ Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja.

Núverandi hlutaskipting starfsemi sveitarfélaga í A- og B-hluta er óskýr og þjónar ekki tilgangi sínum. Ólík sjónarmið eru uppi um hvernig beri að túlka reglurnar og sem dæmi flokka sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sömu byggðasamlögin með ólíkum hætti líkt og sjá má í töflunni að neðan:

	SHS bs.	Sorpa bs.	Strætó bs.
Reykjavíkurborg	B	B	B
Hafnarfjarðarkaupstaður	A	B	B
Kópavogsbær	A	A	A
Mosfellsbær	A	B	B
Garðabær	A	B	B
Seltjarnarnesbær	B	B	B

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Í skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga frá 2022 kom fram að brýnt væri að endurskoða hlutaskiptingu á stofnanaeiningum sveitarfélaga. Lögðu fulltrúar ríkisins til að beðið yrði eftir að Hagstofan endurskoðaði flokkun á starfsemi sveitarfélaga og út frá þeirri niðurstöðu skyldi meta hvernig best þætti að flokka einingar sveitarfélaga á meðan fulltrúar sveitarfélaga lögðu til A-, B- og C- hluta, þar sem til C-hluta skyldu teljast hlutafélög og sameignarfélög sem stæðu undir stærstum hluta starfsemi sinnar með þjónustutekjum á markaði.

Vandi núverandi fyrirkomulags er að ekki virðist samhljómur um þau sjónarmið sem eigi að endurspeglast í skiptingunni. Þetta virðist vera lykilþáttur í því hvernig ólíkir aðilar túlka greinina með ólíkum hætti. Telur vinnuhópurinn að eftirfarandi sjónarmið skuli vera að baki skiptingunni:

1. **A-hluti: Skýrari afmörkun á kjarnastarfsemi.**

   Skilgreiningin á A-hluta er þrengd verulega. Starfsemi þarf nú að uppfylla þrjú skilyrði samtímis: vera lögmælt verkefni, fjármagnað af tekjustofnum og lýtur beinni stjórn sveitarfélags. Með þessu er A-hluti afmarkaður við þá kjarnastarfsemi sem rekin er beint innan stjórnkerfis sveitarfélagsins.

2. **B-hluti: Félög með verulega áhættu fyrir sveitarfélag.**

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

B-hluti verður nú safnliður fyrir þá starfsemi sem er í meirihlutaeigu sveitarfélaga en fellur ekki undir A-hluta vegna þess að hún hefur sjálfstæða stjórn. Til að eyða öllum vafa og tryggja samræmi er sérstaklega kveðið á um að byggðasamlög og önnur félög með ótakmarkaða ábyrgð sveitarfélags teljist ávallt til B-hluta. Endurspeglar þessi flokkun þá fjárhagslegu áhættu sem slík félög geta skapað fyrir sveitarsjóð.

3. **C-hluti: Nýmæli fyrir markaðsrekstur með takmarkaða ábyrgð.**

Innleiðing C-hluta er veigamesta breytingin á greininni og er honum ætlað að ná til starfsemi stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga sem:

a) starfa á markaði, og

b) eru með takmarkaða ábyrgð (t.d. hlutafélög).

Með framangreindu er viðurkennt að sveitarfélög geti átt í stofnunum og fyrirtækjum þar sem fjárhagsleg áhætta þeirra er í grundvallaratriðum takmörkuð við framlagt hlutafé. Er C-hluti einkum ætlaður fyrirtækjum á markaði með takmarkaða ábyrgð sem sinna annarri starfsemi en lögmæltum verkefnum sveitarfélaga og er fjármögnuð með tekjum af viðskiptum á markaði. Það er því rökrétt að slík starfsemi sé undanskilin fjármálareglum laganna

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

um skuldasöfnun og jafnvægi í rekstri, enda á hún ekki að hafa bein áhrif á kjarnastarfsemi sveitarfélagsins.

Við ofangreinda tillögu er m.a. stuðst við þá hlutaskiptingu sem birtist í 50. gr. laga um opinber fjármál.

Meginbreytingin á skilum á milli A-hluta og B-hluta er að nú er gert ráð fyrir að A-hluta stofnanir lúti beinni stjórn sveitarfélags. Þá er tilgreint að byggðasamlög tilheyri B-hluta, og vísað í nýja skiptingu ábyrgðar sem ræðst af þeim tillögum sem lagðar eru til í skýrslu hóps um endurskoðun samvinnukafla laganna.

Er nýjum C-hluta ætlað að standa utan fjármálareglna laganna og fylgir því reglugerðarheimild til handa ráðherra svo setja megi skilyrði þess að fyrirtæki flokkist í C-hluta. Meðal þeirra þátta sem reglugerðin ætti að taka til væri tegund starfsemi sem fellur undir C-hluta og ábyrgðir sveitarfélags á skuldum C-hluta stofnana og fyrirtækja.

Þá er skerpt á skilum á milli hluta með því að skilgreina B-hluta neikvætt frá A-hluta og C-hluta neikvætt frá A- og B-hluta.

Fjármálastefna og fjármálaáætlun

- **Orðalag uppfært til samræmis við lög um opinber fjármál**

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

58. gr. Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

- Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármuni sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. eftirfarandi:
  1. staðfestingu ársreiknings,
  2. fjármálastefnu til fimm ára,
  3. fjárheimildir næstkomandi árs,
  4. fjármálaáætlun til fimm ára,
  5. viðauka við fjárheimildir skv. 3. tölul.,
  6. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
  7. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
  8. álagningu skatta og gjalda,
  9. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Við mótun breytingartillögunnar var verulega stuðst við annars vegar tillögur fulltrúa ríkis og hins vegar fulltrúa sveitarfélaga úr skýrslu starfshóps þeirra um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga frá 2022.

Ofangreind tillaga fer bil beggja tillagna fulltrúa ríkis og fulltrúa sveitarfélaga. Breytingar eru gerðar á 2. - 4. tl. 1. mgr. og nýjum tölulið, sem nú verður nr. 2, einnig bætt við. Í stað fjárhagsáætlunar næstkomandi árs skv. 2. tl. núgildandi laga, verði mælt fyrir um fjármálastefnu til fimm ára, þar sem sett

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

verði fram markmið um fjármál sveitarfélagsins til næstu fimm ára. Fjármálastefnan verði ekki bindandi en telst hún geta nýst sem mikilvægt stjórntæki fyrir kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Nánar verður kveðið á um efnistök fjármálastefnu í 62. gr. laganna.

Samhliða fjármálastefnu verði lögð fram fjármálaáætlun til fimm ára, sem mælt er fyrir um í nýjum 4. tl., sem sé áætlun sem feli í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, nánari sundurliðun á markmiðum fjármálastefnu og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð.

Í stað fjárhagsætlunar sem kveðið er á um í 3. tl., verði mælt fyrir um fjárheimildir næstkomandi árs, í samræmi við breytingar á 62. gr. laganna. Hugtakið fjárheimild hefur sömu þýðingu og fjárhagsáætlun næsta árs, þ.e. bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til. Hugtakið komi jafnframt í stað fjárhagsáætlunar í öðrum ákvæðum laganna.

62. gr. Fjármálastefna.

- ☐ Sveitarstjórn skal eigi síðar en 1. nóvember á því ári sem haldnar eru sveitarstjórnarkosningar leggja fram fjármálastefnu fyrir A-hluta ásamt sértilgreindum áhrifum B- og C-hluta á A-hluta til fimm ára. Sveitarstjórn skal í fjármálastefnu setja fram markmið sveitarfélagsins til

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

næstu fimm ára um rekstur, eignir, skuldir og langtímaskuldbindingar.

- ☐ Skylt er sveitarstjórn að endurskoða fjármálastefnu innan fimm ára tímabilsins ef grundvallarforsendur hennar bresta eða ef upp koma aðstæður sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum úrræðum innan gildandi fjármálastefnu. Endurskoðuð fjármálastefna skal ná til a.m.k. fimm ára.

Ofangreind breytingartillaga sækir fyrirmynd í efnistök laga um opinber fjármál. Lagt er til að kveðið verði á um skyldu sveitarstjórna til að setja sér fjármálastefnu í upphafi kjörtímabils. Í fjármálastefnu skal setja fram markmið um rekstur, eignir, skuldir og langtímaskuldbindingar ásamt lykiltölum um áætlaða afkomu og efnahag til næstu fimm ára. Með lögfestingu ákvæða um gerð fjármálastefnu er lagður grunnur að skipulegu, þekktu og fyrirsjáanlegu verklagi við stefnumörkun í opinberum fjármálum og um leið eru skapaðar traustari forsendur fyrir markvissa hagstjórn. Með sértilgreindum áhrifum B- og C-hluta á A-hluta er átt við fjárhagslegar ráðstafanir félaga B- og C-hluta, m.a. kaup, sölu, arðgreiðslur eða innlögn, þ.e. framlag A-hluta til B-hluta félags, sem áhrif hafa á A-hluta.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

62. gr. a. Fjármálaáætlun til fimm ára.

- ☐ Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárheimildir fyrir næstkomandi ár og fjármálaáætlun til næstu fjögurra ára þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fimm ára fjármálaáætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði fyrir A- og B-hluta, og C-hluta ef við á, skv. 60. gr. Skulu fjárheimildir næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.
- ☐ Fjármálaáætlun skal gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjármálaáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu A-, B- og C- hluta við upphaf áætlunartímabilsins. Upphaf áætlunartímabilsins er útkomuspá yfirstandandi árs.
- ☐ Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjármálaáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um fjármálaáætlun á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða fjármálaáætlun, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjármálaáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

- ☐ Tillögum skv. 3. mgr. skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

Líkt og fjallað var um í breytingartillögu á 58. gr., er lagt til þess að hugtakið fjárhagsáætlun falli brott og í stað þess verði notast við hugtakið fjárheimildir og fjármálaáætlun, til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í lögum um opinber fjármál.

Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn samþykki fjármálaáætlun A-hluta og áætlun A-, B- og C- hluta þar sem fram komi hvernig sveitarstjórn hyggist ná þeim markmiðum sem sett eru fram í fjármálastefnu. Sveitarstjórn skal í greinagerð með fjármálaáætlun lýsa hvernig markmiðum um þróun gjalda, tekna og skulda verði fylgt og gera grein fyrir áhrifum fjárfestinga á framtíðarrekstur.

Með útkomuspá er átt við áætlaða útkomu yfirstandandi árs. Miðað er við að útkomuspá fylgi að mestu leyti formi fjármálaáætlunar og yrði ráðherra falið að kveða nánar á um form hennar í reglugerð.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Með tillögum á 62. gr. og 62. a, er lögð til breyting á umgjörð áætlunarferils á sveitarstjórnarstiginu. Er gildandi 62. gr. skipt upp og efni hennar er útvíkkað í framangreind ákvæði. Markmiðið er að innleiða agaðri, gagnsærri og framsýnni vinnubrögð við fjármálastjórn með því að koma á tveggja þrepa kerfi, þ.e. langtímastefnu annars vegar og aðgerðaáætlun hins vegar. Fyrirmyndin er að miklu leyti sótt í lög um opinber fjármál, sem stuðlar að samræmi í vinnubrögðum og hugtakanotkun ríkis og sveitarfélaga.

Mælir ný 62. gr. fyrir um fjármálastefnu, sem gerir nýkjörinni sveitarstjórn skylt að setja sér fjármálastefnu til fimm ára strax í upphafi kjörtímabils. Stefnan er yfirlýsing um þau meginmarkmið og grunngildi (t.d. sjálfbærni, varfærni, festu) sem fjármálastjórn sveitarstjórnarinnar mun byggja á. Er fjármálastefnunni ekki ætlað að vera bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, heldur verði hún pólitískt og stefnumarkandi akkeri sem ætlað er að veita stöðugleika og fyrirsjáanleika í fjármálum sveitarfélagsins.

Markmiðið með því að festa framangreinda skyldu í lög er að fjármál sveitarfélaga séu frá upphafi sett í stefnumótandi samhengi. Eykur það pólitíska ábyrgð kjörinna fulltrúa á langtímaafkomu og dregur úr líkum á skammtímaákvörðunum, sem geta verið andstæð stefnu sveitarfélagsins til lengri tíma. Í

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

greininni er jafnframt kveðið á um að skylt sé að endurskoða stefnuna ef grundvallarforsendur bresta.

Í ljósi eðlis sveitarstjórnarstigsins verður þó ekki talið að endurskoðun á fjármálastefnu verði háð jafn ströngum skilyrðum og gert er ráð fyrir í lögum um opinber fjármál, enda geta t.d. meirihlutaskipti í sveitarstjórn valdið því að nauðsynlegt þyki að fjármálastefnan verði endurskoðuð. Þó sé fjármálastefnan þess eðlis að staðfesting eða breytingar á henni þarfnist tveggja umræðna í sveitarstjórn. Samhliða ofangreindri breytingartillögu þyrfti því jafnframt að bæta við 1. eða 2. mgr. 18. gr. laganna tilvísun í fjármálastefnu skv. 62. gr.

Ný 62. gr. a. kemur í stað núverandi 62. gr. um þriggja ára fjárhagsáætlun. Hún kveður á um gerð fimm ára fjármálaáætlunar sem skal endurskoðuð árlega. Er áætluninni er ætlað að taka til tveggja lykilþátta:

a. útfærslu á hvernig markmiðum fjármálastefnunnar verður náð í rekstri og fjárfestingum á komandi árum.
b. bindandi fjárheimildar fyrir næstkomandi ár.

Fjármálaáætlunin er þannig ætlað að tengja saman langtímastefnu og framkvæmdir. Með því að vera endurskoðuð árlega tryggir hún að sveitarstjórn geti brugðist við breyttum efnahagslegum eða rekstrarlegum forsendum, en gerir það innan þess ramma sem fjármálastefnan setur.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Telur vinnuhópurinn að framangreindar breytingartillagar verði til þess fallnar að auka aga í fjármálastjórn, efla pólitíska ábyrgð og styrkja stöðu sveitarfélaga til langs tíma. Með því að skilja á milli hinnar stöðugu stefnu og hinnar sveigjanlegu en jafnframt bindandi áætlunar er skapaður umbúnaður um faglega, fyrirsjáanlega og ábyrga meðferð á almannafé.

Samhliða ofangreindum tillögum þyrfti tilvísunum í fjárhagsáætlun í ákvæðum 18., 20., 35. 75., 76., 85., 89., 91., 94., 100., 107., 121., 128. og 130. gr. a. jafnframt að vera breytt í fjármálaáætlun til fimm ára.

63. gr. Fjárheimild næstkomandi árs.

- ☐ Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. a. um fjárheimildir næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir A-hluta og samantekinna fjárheimilda A- og B-hluta sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárheimildum eða fjármálaáætlun.
- ☐ Óheimilt er að víkja frá fjárheimildum næstkomandi árs skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við fjárheimildirnar. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í þegar

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

samþykktum fjárheimildum. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

- ☐ Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.
- ☐ Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Ofangreindar breytingar fela einungis í sér orðalagsbreytingar til samræmis við aðrar breytingartillögur. Samhliða þyrfti jafnframt að breyta tilvísunum í fjárhagsáætlun næstkomandi árs í 89. og 94. gr. í fjárheimild næstkomandi árs.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga

- **Lagt er til að fjármálareglur nái bæði til A-hluta sérstaklega og A- og B-hluta, en ekki eingöngu A- og B-hluta**
- **C-hluti er undanskilinn útreikningi fjármálareglna**

64. gr. Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

☐ Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

☐ Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. Jafnvægisregla
   a. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverjum þremur samliggjandi reikningsárum, ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum á sama tímabili.
   b. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverjum þremur samliggjandi reikningsárum ekki

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum á sama tímabili.

2. Skuldaregla
   a. Heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en sem nemur 110% af reglulegum tekjum.
   b. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

- ☐ Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif.

Gerð er tillaga um að jafnvægisreglan nái yfir A-hluta en ekki einungis samstæðu A- og B-hluta, líkt og nú er mælt fyrir um. C-hluti verður þar undanskilinn, en líkt og fram kom í athugasemdum við 60. gr., er C-hluta ætlað að standa utan fjármálareglna laganna.

Grunnstarfsemi sveitarfélaga er skilgreind í A-hluta reikningsskila, sbr. 60. gr., og mikilvægt er að tryggja að fjárhagsstaða A-hluta sé á hverjum tíma nægilega traust til að

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

standa undir lögskyldri starfsemi sveitarfélaga. Því er lagt til að fjármálareglur um jafnvægi í rekstri og skuldaviðmið nái einnig til A-hluta og verði ekki hærra en 110%. Ástæða þess að viðmiðunarhlutfall fyrir A-hluta er sett lægra en samantekinna reikningsskila A- og B- hluta, er að rekstur A-hluta felur jafnan ekki í sér jafn mikla fjárbindingu og starfsemi hefðbundinna B-hluta félaga.

Jafnvægisreglunni er ætlað að vera ákvörðunarregla sem nýtist við gerð fjármálaáætlunar og fjárheimilda næsta árs. Felur það m.a. í sér að svigrúm við gerð fjárheimilda næsta árs ráðist af útkomuspá, þ.e. áætlaðri útkomu yfirstandandi árs, og rekstrarniðurstöðu næstliðins árs. Jafnframt er lagt til orðalagsbreytingar og að ákvæðið mæli fyrir um rekstrarniðurstöðu þriggja samliggjandi ára, í stað hvers þriggja ára tímabils.

Þá er í 3. mgr. lagt til að ráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að undanþiggja tilteknar skuldbindingar í heild eða að hluta frá þeirri reglu sem fram kemur í 2. mgr. Heimildin yrði því ekki einungis bundin við skuldareglu líkt og gildandi lög kveða á um. Með þessu eru heimildir ráðherra til að undaþiggja tiltekna liði víkkaðar út þannig að þær geti ekki einungis tekið til útreikning skuldaviðmiðs heldur einnig jafnvægisreglu.

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

Ábyrg meðferð fjármuna

65. gr. Ábyrg meðferð fjármuna.

- ☐ Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti. Sveitarfélögum er heimilt ávaxta fjármuni sína með áhættulitlum fjárfestingakostum, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf, sértryggð skuldabréf viðskiptabanka eða skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga.
- ☐ Sveitarfélagi er óheimilt að takast á hendur áhættufjárfestingar og fjárfestingar í hagnaðarskyni svo sem kaup hlutabréfa nema um sé að ræða verkefni sem þeim hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Þó er sveitarfélögum heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó þannig að áhætta vegna þátttöku í þeim gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna.
- ☐ Sveitarstjórn setur sveitarfélaginu reglur um fjárstýringu skv. 1. mgr.

Lagt er til að lögfest verði heimild sveitarfélaga til að ávaxta fjármuni sína með eðlilegum og áhættulitlum hætti. Felur tillagan ekki í sér að gerðar verði minni kröfur til skyldu sveitarfélaga til að varðveita fjármuni með öruggum hætti og

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

að forðast áhættu við meðferð á fjármunum og sjóðum sveitarfélags. Sjóði sveitarfélaga á ekki að nota til fjárfestinga sem áhætta fylgir og útgangspunktur í rekstri sveitarfélaga á að vera geta þeirra til að framkvæma lögbundin verkefni með fullnægjandi hætti án þess að auka áhættu umfram það sem ásættanlegt getur talist.

Sveitarstjórn ber að setja sér reglur um fjárstýringu skv. 1. mgr., sem leggja grunn að því hvernig fjárstýringu sveitarfélagsins er háttað og hvernig fjárhagslegri áhættu er stýrt. Mikilvægt er að sveitarstjórn láti greina þá áhættu sem hægt er að stýra með viðeigandi viðbragði og vakta fjárstýringu sveitarfélagsins. Ættu reglurnar að taka mið af ábyrgri og styrkri fjármálastjórn, lausafjár-, markaðs-, rekstrar-, og almennu áhættuþoli sveitarsjóðs og m.a. skilgreina nánar heimildir einstaka stjórnenda og starfsfólks sveitarfélags til samsetningar og vals fjárfestingakosta.

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar

- **Sveitarstjórnir láti framkvæma áhrifamat ef fjárfestingar og skuldbindingar fara yfir 10% af skatttekjum**

66. gr. Miklar fjárfestingar og skuldbindingar.

☐ Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um einstaka fjárfestingu, framkvæmd, lántöku, veitingu ábyrgða eða aðrar skuldbindingar A-hluta og B- hluta sveitarfélags,

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

sem nema hærri fjárhæð en 10% af skatttekjum sveitarfélagsins á komandi fjárhagsári, er sveitarfélaginu skylt að gera faglegt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélagsins til næstu fimm ára. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni.

- ☐ Ef ákvörðun skv. 1. mgr. nemur samanlagt 20% eða meira af skatttekjum sveitarfélagsins á komandi fjárhagsári skal fá sérfróðan aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu til að gera faglegt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélagsins með sama hætti og greinir í 1. mgr.
- ☐ Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um innihald áhrifamats skv. 1. og 2. mgr og undanþágur frá því.

Gerð er tillaga að viðbót við núgildandi ákvæði um mat á áhrifum fjárfestinga og skuldsetningar. Lagt er til að sveitarstjórn láti fram fara sambærilegt mat og kveðið er á í núgildandi ákvæði nema að hið nýja ákvæði nær til fjárfestinga og skuldsetningar sem nemur meira en 10% af skatttekjum á komandi ári. Matið skal vera faglegt og heimilt að það sé framkvæmt af starfsmönnum eða öðrum sem tengjast sveitarfélaginu. Áfram er gert ráð fyrir því að fari fjárfesting eða skuldsetning umfram 20% af skatttekjum komandi árs, skuli

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

matið framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Er gildissviði 1. mgr. ætlað að ná til m.a. hvers kyns fjármögnunarsamninga, rekstrarleigusamninga og sambærilegra ráðstafana, veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þeirra ákvarðana fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um meira en 10% af skatttekjum komandi árs.

Samhliða tillögunni er lagt til að framkvæmd áhrifamats annars vegar skv. 1. mgr. og hins vegar skv. 2. mgr. verði nánar skilgreint í reglugerð og undanþágur frá því. Í mati skv. 1. gr. ætti a.m.k. að gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði, sé um hann að ræða. Í áhættumati skv. 2. mgr. ætti til viðbótar við mat skv. 1. mgr. m.a. að leiða fram ólíka áhættuþætti, einstaka sviðsmyndir og heildaráhrif við hugsanleg frávik frá grunnáætlun.

Heimild til að gangast í ábyrgðir

- **Opnað verði fyrir að sveitarfélagi verði heimilt að veita lán til félaga sem eru að öllu leyti í eigu þess og sinna lögákveðnum verkefnum sveitarfélagsins**

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

69. gr. Heimild til að veit lán og gangast í ábyrgðir.

- ☐ Sveitarstjórn getur veitt lán og gengist í einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum, vegna félaga sem það á að öllu leyti, enda sinni félagið lögákveðnu verkefni sveitarfélaga.
- ☐ Sveitarstjórn getur einnig veitt lán og gengist í hlutfallslega ábyrgð til tryggingar á lánum, vegna félaga sem það á hlut í með öðrum opinberum aðilum. Innbyrðis skal lánveiting og ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhlut. Skilyrði er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, að lánveiting eða trygging lánveitingar sé bundin við lögákveðið verkefni sveitarfélaga og að allir eigendur veiti eða ábyrgist lán, í samræmi við eignarhlut sinn. Skal sveitarstjórn tryggja að ábyrgð þess falli niður ef lögaðili hættir að sinna lögákveðnu verkefni sveitarfélaga eða færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.
- ☐ Sveitarfélag má ekki veita lán eða gangast í ábyrgðir með öðrum skilyrðum vegna annarra skuldbindinga en greinir í 1. og 2. mgr. Prókúruhafa sveitarfélags er þó heimilt fyrir þess hönd að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Framangreindar breytingar opna með skýrum hætti fyrir lánveitingar eða ábyrgðarveitingar sveitarfélaga til félaga og stofanana sem eru að öllu leyti í opinberri eigu vegna lögákveðinna verkefna þeirra. Felur breytingin í sér að ef sveitarfélagi bjóðast hagstæðari lánskjör en stofnunum eða fyrirtækjum þess, sem sinna lögákveðnum verkefnum sveitarfélagsins, er sveitarfélaginu heimilt að taka lán og veita það áfram í stað þess að viðkomandi stofnum eða fyrirtæki taki lánið á óhagstæðari kjörum, sem sveitarfélagið ber engu að síður ábyrgð á.

Sameining reikningsskila- og upplýsinganefndar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

78. gr. Eftirlitsnefnd með reikningsskilum og fjármálum sveitarfélaga.

- Ráðherra skipar fimm manna eftirlitsnefnd með reikningsskilum og fjármálum sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á fjárhagslegum málefnum og reikningsskilum sveitarfélaga. Tvo skal skipa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tillögu Hagstofu Íslands og tvo án tilnefningar. Skal annar þeirra vera löggiltur

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

endurskoðandi. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

- ☐ Kostnaður af störfum nefndarinnar, þ.m.t. þóknun nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði. Skal þóknunin ákveðin af ráðherra.
- ☐ Nefndin er sérstakt stjórnvald sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Ákvarðanir hennar sæta þó ekki kæru til ráðherra.

79. gr. Hlutverk eftirlitsnefndar.

- ☐ Eftirlitsnefnd með reikningsskilum og fjármálum sveitarfélaga skal fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og áætlanagerð sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Nefndin skal í störfum sínum stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra. Þá sinnir hún öðrum verkefnum sem ráðherra felur henni á þessu sviði.
- ☐ Eftirlit nefndarinnar og ákvarðanir hennar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu viðkomandi sveitarfélaga. Nefndinni ber í einstökum málum að velja

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

þau úrræði sem líklegast er að nái því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga.

Í núgildandi lögum er mælt fyrir um tvær nefndir sem lúta að fjárhagslegum ráðstöfunum sveitarfélaga, þ.e. reikningsskila- og upplýsinganefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Hlutverk reikningsskila- og upplýsinganefndar er að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra, sbr. 74. gr. laganna. Hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga er að fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Talið hefur verið að núverandi fyrirkomulag, þar sem verkefnum er skipt milli tveggja aðskildra nefndir, hafi reynst óskilvirkt. Annars vegar sé um að ræða nefnd sem setur viðmið um reikningsskil og hins vegar nefnd sem hefur eftirlit með fjármálastjórn á grundvelli þeirra. Verkefni þessara nefnda eru nátengd og skarast óhjákvæmilega, sem hefur skapað möguleika á tvíverknaði og leitt til óskýrrar ábyrgðar og flókinnar málsmeðferðar.

Með breytingunum er lagt til núverandi að reikningsskila- og upplýsinganefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sameinist í nýja og öflugri nefnd sem ber heitið eftirlitsnefnd með reikningsskilum og fjármálum sveitarfélaga. Telur

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

vinnuhópurinn að sameiningin verði til þess fallin að efla eftirlitið sem nefndirnar hafa með fjármálum sveitarfélaga og auka skilvirkni þess.

Telur vinnuhópurinn að með því að samþætta sérfræðiþekkingu á sviði reikningsskila og fjármálaeftirlits í eina nefnd verði ákvarðanir heildstæðari og byggi á traustari grunni. Þá leiðir breytingin til hagræðingar í rekstri og einfaldari samskipta fyrir sveitarfélögin, auk þess sem ábyrgð á útfærslu og setningu viðmiða, uppbyggingu reikningshalds og eftirlit verður á einni hendi.

Kveður breytt 78. gr. því á um skipan og stöðu hinnar sameinuðu nefndar, sem skipuð verður fimm fulltrúum til að tryggja breiða aðkomu sérfræðinga. Í breyttri 79. gr. er hlutverki nefndarinnar lýst, þar sem bæði þáttur samræmingar í reikningsskilum og þáttur almenns eftirlits með fjármálum eru festir í sessi.

Samhliða ofangreindum breytingum yrði 74. gr. laganna felld brott og jafnframt breyta tilvísunum í núverandi reikningsskila- og upplýsinganefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í 73., 75., 3. mgr. 76., 77., 80., 83., 84., 86. og 115. gr. laganna í hina nýju nefnd, ásamt því að endurskoða heiti VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

Úrræði fjárhaldsstjórnar

89. gr. Hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar.

- ☐ Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins, a.m.k. fyrir næstu fimm reikningsár. Áætlunin skal þannig fram sett að hún geti enn fremur gilt sem fjárheimildir næstkomandi reikningsárs og fjármálaáætlun til fimm ára fyrir sveitarfélagið. Áætlunina skal senda ráðherra til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðherra gildir áætlunin sem fjárheimildir fyrir næstkomandi ár og fjármálaáætlun til fimm ára.
- ☐ Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðherra selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó ekki þær sem eru nauðsynlegar til inna af hendi lögskyld verkefni. Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins í hendur einkaaðila eða leitað samvinnu um rekstur hennar við annað sveitarfélag samkvæmt ákvæðum laga þessara
- ☐ Ef sveitarfélagi hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn og fyrir liggur að það er og verður um ófyrirséða framtíð ófært um að standa í skilum með skuldbindingar sínar getur fjárhaldsstjórn ákveðið einhliða að leita nauðasamnings

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

fyrir það. Einhliða nauðasamninga skal einungis leita hafi samningar við lánardrottna ekki borið árangur. Um slíkan nauðasamning gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við getur átt en þó þannig að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum lætur ekki greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi.

Lagðar eru til breytingar í samræmi við aðrar greinar. Í staðinn fyrir hugtakið „fjárhagsáætlun næstkomandi reikningsárs“ verður hugtakið „fjárheimildir næstkomandi reikningsárs“ notað og í stað „fjárhagsáætlunar til fjögurra ára“ verður notast við „fjármálaáætlun til fimm ára“.

Ásamt þeim breytingum sem hér eru raktar lagði fulltrúi Sambandsins til að 3. mgr. félli á brott, enda gæti hún haft neikvæð áhrif á vaxtakjör sveitarfélaga. Fulltrúar ríkisins í vinnuhópnum telja frekari greiningar á áhrifum þess að fella ákvæðið út þurfa að koma til áður en sú breyting væri gerð, t.a.m. á fjárhagslega ábyrgð ríkissjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

90. gr. Sameining við annað sveitarfélag.

- Nú duga framangreindar ráðstafanir ekki til þess að koma fjárhag sveitarfélags og stofnana þess á réttan kjöl og getur þá ráðherra ákveðið að leita samninga við nærliggjandi sveitarfélag eða sveitarfélög um sameiningu

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09.2026

við það sveitarfélag sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess.

Hér er ekki lögð til efnisleg breyting önnur en sú að ráðherra verði bær um að taka ákvörðun um sameiningu en ekki ráðuneytið eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum.

Skjal sótt af '99999999999' dags: 06.09.2026

Skjal sótt af '9999999999' dags: 06.09 2026